

Miðvikudaginn 6. október 1971.

Nr. 69/1971. **Bergur Sverrisson og
Theodór Kjartansson** (enginn)
gegn
**Þorvaldi Þórarinssyni og
Þorvaldur Þórarinsson** (sjálfur)
gegn
**Bergi Sverrissyni
Theodór Kjartanssyni og
Einari M. Jóhannessyni**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Aðalsök felld niður. Víxilmál. Veðréttur. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Er málið var tekið þar fyrir hinn 1. október 1971, var þing eigi sótt af hendi aðaláfrýjenda. Ber því að fella aðalsök í máli þessu niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 28. maí 1971. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða héraðsdóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar úr höndum aðaláfrýjenda.

Stefndi hefur engar kröfur haft uppi.

Með því að engir annmarkar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, ber að staðfesta þær.

Málskot aðaláfrýjenda, sem eigi sóttu þing í héraði, var gersamlega ófyrirsynju og veitti gagnáfrýjanda efni til áfrýjunar málsins einnig af sinni hálfu. Er því rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 17.000.00.

Dómsorð:

Aðalsök máls þessa fyrir Hæstarétti er felld niður.

Í gagnsök er hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfest.

Aðaláfrýjendur, Bergur Sverrisson og Theodór Kjartansson, greiði gagnáfrýjanda, Þorvaldi Þórarinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 17.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 13. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. janúar 1971, hefur Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir dóm-inum gegn Bergi Sverrissyni, Laufskógum 7, Hveragerði, og Theodór Kjartanssyni, Bláskógum 3, Hveragerði, með stefnu, bitri 16. janúar 1971, og gegn Einari M. Jóhannessyni, Dalshrauni 5, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 25. janúar 1971. Krefst stefnandi þess, að stefndu verði gert að greiða að óskiptu kr. 200.000.00 auk 1% vaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 100.000.00 frá 1. október 1970 til 1. nóvember 1970, af kr. 150.000.00 frá þeim degi til 1. desember 1970, en af kr. 200.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 580.00 í stimpilkostnað, kr. 740.00 í afsagnar- og bankakostnað auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Jafnframt er krafizt viðurkenningar á 1. veðrétti í vörubifreiðinni X 2461 af gerðinni Volvo 475, árgerð 1965, til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum.

Skuld þessi er samkvæmt þremur víxlum, sem allir eru útgefnir og ábaktir af stefnda Theodór. Stefndi Einar er ábekingur á öllum víxlunum, en samþykkjandi er stefndi Bergur. Víxlunum er réttilega lýst í stefnu þannig:

1. Víxill, kr. 100.000.00, útgefinn 13. júlí 1970, í gjalldaga 1. október 1970. Víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls 5. október 1970.
2. Víxill, kr. 50.000.00, útgefinn 13. júlí 1970, með greiðsludegi 1. nóvember 1970. Víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls 3. nóvember 1970.
3. Víxill, kr. 50.000.00, útgefinn 13. júlí 1970, með greiðsludegi 1. desember 1970. Víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls 3. desember 1970.

Greiðslustaður allra víxlanna var Búnaðarbanki Íslands, Úti-

búið í Hveragerði, og fóru afsagnargerðir fram í afgreiðslusal bankans þar.

Af hálfu hinna stefndu hefur ekki verið sótt þing í málinu, og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, og hann hefur lagt fram frumrit víxlanna með formlega löglegri heimild sér til handa, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 23.000.00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bergur Sverrisson, Theodór Kjartansson og Einar M. Jóhannesson, greiði stefnanda, Þorvaldi Þórarinssyni, kr. 200.000.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 100.000.00 frá 1. október 1970 til 1. nóvember 1970, af kr. 150.000.00 frá þeim degi til 1. desember 1970, en af kr. 200.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 480.00 í stimpilkostnað, kr. 740.00 í afsagnarkostnað og bankakostnað og kr. 23.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Viðurkenndur er 1. veðréttur í bifreiðinni X 2461 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Árnæssýslu 30. marz 1971.

Ár 1971, þriðjudaginn 30. marz, var fógetaréttur Árnæssýslu háður að Ölfusborgum, Ölfushreppi, með undirrituðum vottum, af fulltrúa sýslumanns, Jakob J. Havsteen. Fyrir var tekið: Málið nr. F. 9/1971: Þorvaldur Þórarinsson gegn Theodór Kjartanssoni o. fl.

Fógeti leggur fram nr. 1 til 2 gerðarbeiðni og dómsendurrit, svohljóðandi.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, og krefst fjárnáms fyrir skuld samkvæmt dómi, að fjárhæð kr. 200.000.00, með 1% mánaðarvöxtum af kr. 100.000.00 frá 1. október 1970 til 1. nóvember 1970, af kr. 150.000.00 frá þeim degi til 1. desember 1970, en af kr. 200.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, ásamt banka-, stimpil- og afsagnarkostnaði, kr. 1.220.00, endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 370.00, og málskostnaði, kr. 23.000.00, auk alls kostnaðar við gerð þessa

og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda og að geymdum betra rétti þriðja manns.

Af hálfu gerðarþola mætir Bergur Sverrisson, sem starfar hér, og gætir fógæti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættum, sem er ólögglærður. Áminntur um sannsögli kveðst gerðarþoli ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu gerðarþola lýsti fógæti yfir fjárnámi til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda í eftirtöldum eignum gerðarþola:

Bifreiðinni X 2461, sameign mætta og Theodórs Kjartanssonar. Bifreiðin er af Volvo gerð, árgerð 1965.

Fallið var frá virðingu.

Fógæti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir talsmanni gerðarþola og ábyrgð hans í því sambandi.

Miðvikudaginn 6. október 1971.

Nr. 150/1970. **Haraldur Böðvarsson & Co. h/f**

(Gunnar I. Hafsteinsson hdl.)

gegn

Bæjarstjóranum á Akranesi f. h. bæjarsjóðs

(Þorsteinn Geirsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1970 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um hina kröfðu útburðargerð. Hann krefst málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógæta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eðlilegur skilningur á viðskiptum aðilja er sá, að áfrýjandi hafi öðlazzt rétt til að hafa fiskhjalla á lendum þeim, sem í